

RAFRÆNN REIKNINGUR – STOÐUPPLÝSINGAR

Lagalegt umhverfi

14. október 2009

Ritnefnd um lagalegt umhverfi rafrænna reikninga.

Inngangur

Þetta skjal er hluti af stoðupplýsingum sem styðja tækniforskrift fyrir rafræna reikninga.

Umfjöllunin miðast við lesendur sem hafa ekki lagalega sérþekkingu á umhverfi og innleiðingu rafrænna reikninga, heldur þurfa að nota þetta sem tilvísunarsafn.

Almenn umfjöllun

Í lögum nr. 145/1994 um bókhald er greinargóð almenn lýsing á því sem bókhald verður að uppfylla ásamt skilgreiningum á hugtökum og ábyrgðarhluta.

Þar kemur og fram að ráðherra sé heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo sem um bókhaldsskyldu, undanþágu frá færslu tvíhliða bókhalds, skipulagi bókhalds, bókhaldsgögn og notkun tölva við færslu bókhalds og geymslu gagna.

Reglugerð nr. 598/1999 er sett samkvæmt þeim lögum og fjallar um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur sem gera skal til rafrænna bókhaldskerfa.

Lögin

Fyrirliggjandi lög um bókhald eru þannig að ekki er tilgreint hvort verið er að ræða um rafrænt eða handfært bókhald. Þetta á við almennar færslur, geymslu gagnanna og ábyrgðarhluta ytri og innri bókhaldsgagna. Lögin taka því ekki aðeins á færslunum heldur einnig á geymslu gagnanna.

Ekki er sýnileg þörf á breytingum á lögum um bókhald vegna rafrænna reikninga.

Ljóst er að við upptöku rafrænna reikninga opnast möguleiki á því að sýsla með persónuupplýsingar og ítarlegar upplýsingar um hegðun einstaklinga og fyrirtækja með mun minni fyrirhöfn en hægt er í pappírsumhverfi. Gagnadagbækur og bókhald ýmissa bókhaldsskyldra aðila geta því innihaldið mun viðkvæmari persónuupplýsingar en nú er algengt. Mikilvægt er að öryggi þessara upplýsinga verði tryggt og gætt verði að því að vinnsla persónuupplýsinga í rafrænum viðskiptaskjólum, svo sem rafrænum reikningum og pöntunum, sé í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Reglugerðirnar

Reglugerð 598/1999 er eina reglugerðin sem gerir kröfur til rafrænna bókhaldskerfa. Tækniþróun undanfarinna ára og breyttir viðskiptahættir gera það að verkum að nauðsynlegt þykir að endurskoða þá reglugerð á heildstæðan hátt.

Núverandi reglugerð gefur ekki nægjanlega skýra mynd af því hvernig málum skuli háttað, sérstaklega með tilliti til samskiptasamninga milli viðskiptaaðila og skráningu gagna í gagnadagbók.

Lagt er til að endurskoða reglugerðina og mynda þannig skýrt regluverk fyrir rafrænt viðskiptaumhverfi sem auðveldi atvinnulífinu að eiga í rafrænum viðskiptum. Þá þarf að gæta þess að breytingar reglugerðarinnar verði í samræmi við alþjóðlega staðla.

Gátlisti

Uppkast að gátlista

1. Skrifleg lýsing á skipulagi bókhaldsins og uppbyggingu þess í samræmi við 7. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald.
2. Skrifleg lýsing á gagnaflutningunum sjálfum og þeirra viðskiptafærslna sem rekja má til þeirra. Lýsingarnar skulu gefa skýra mynd af öryggi og rekjanleika færslanna.
3. Upplýsingar um það með hvaða hætti aðilar haga samskiptum sínum, m.a. skráningu í gagnadagbók, skulu liggja fyrir.
4. Sérhver færsla í rafrænu bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi skeytum sem rekja má til viðskiptanna, hvort sem uppruni þeirra er utan fyrirtækisins eða innan. Hér er átt við bæði ytri og innri frumgögn skv. 2. og 4. mgr. 8. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald.
5. Öll skeyti skulu skráð í gagnadagbók. Annars vegar gagnadagbók sem tekur við innsendum skeytum og hins vegar gagnadagbók sem tekur við öllum skeytum frá fyrirtækinu. Innihaldi gagnadagbókanna má ekki vera hægt að breyta.
6. Skeyti sem fela í sér upplýsingar um viðskipti ber að skrá í bókhald sendanda og móttakanda og skulu þau mynda fylgiskjöl í bókhaldi sem auðvelt er að rekja til skeytisins.
7. Rafrænn reikningur skal, auk númers í gagnadagbók og sem fylgiskjal í bókhaldi, fá númer í samfelldri númeraröð, sem ávallt skal koma fram í gagnadagbók og á rafrænu fylgiskjali bókhalds, bæði hjá sendanda og móttakanda.
8. Allir þeir sem hafa aðgang að rafrænu bókhaldi og hafa heimild til að senda eða taka á móti skeytum sem verða fylgiskjöl í bókhaldinu eða skrá í bókhaldið þær færslur sem verða til vegna viðskipta sem rekja má til skeyta, sbr. 5. gr., skulu hafa sérstakt auðkenni þannig að rekja megi hverja færslu til upprunans, þ.e. hvar og hvenær færsla er gerð og á hvers ábyrgð.
9. Rafrænt bókhald og rafræn fylgiskjöl þess skulu geymd í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Sömu ákvæði gilda um varðveislu gagnadagbóka.
10. Gagnamiðil skal geyma með tryggilegum hætti, þannig að læsileiki hans sé tryggður til loka geymslutímans og með einföldum hætti sé fljótlegt að finna færslur á honum þegar á þarf að halda.
11. Reglulega skal taka öryggisafrit af rafrænt færðu bókhaldi og öllum rafrænt færðum fylgiskjöllum þess svo og gagnadagbók samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum og í samræmi við umfang viðskiptanna. Verklagsreglur þessar skulu liggja fyrir í gögnum bókhaldsins. Skal öryggisafritið varðveitt á tryggn og öruggan hátt aðskilið frá frumgögnum bókhaldsins. Það skal staðfest að hægt sé að endurbyggja gögnin með öryggisafritunum. Að loknu reikningsári skal taka a.m.k. eitt heildarafrit af öllum gagnaskrárm er snerta bókhaldið og það skal geymt á öruggum stað aðskilið frá bókhaldinu og bókhaldsgögnum. Öryggisafrit skulu vera aðgengileg eftirlitsaðilum á hverjum tíma.

Heimildir og vísanir

Lög

- Nr. 145/1994 um bókhald.
- Nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.
- Nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir.
- Nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- Nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Reglugerðir

- Nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.
- Nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.